

Tillaga
Afgreiðsla

A 1916/UHN
Norræna sjálfbærnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um sameiginlegar aðgerðir til að hætta framleiðslu jarðefnaeldsneytis í áföngum (A 1916/UHN)

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

samþykkja norræna yfirlýsingu um nauðsyn þess að dregið verði úr vinnslu jarðefnaeldsneytis svo að loftslagsmarkmið Parísarsamningsins náist.

Greinargerð

Miðað við gang mála í loftslagsaðgerðum stefnir jörðin að hlýnun upp á 2,5–2,9 gráður.¹ Til að koma í veg fyrir alvarlegustu afleiðingar loftslagsvandans verður að ná markmiði Parísarsáttmálans um 1,5 gráðu hlýnun, hvað sem það kostar.

Næstum því 90% af allri losun gróðurhúsalofttegunda má rekja til brennslu á kolum, olíu og jarðgasi.² Hætta verður notkun jarðefnaeldsneytis skjótt ef okkur á að auðnast að ná 1,5 gráðu markmiðinu. Sífelld fleiri lönd setja sér markmið um nettó núlllosun en gera ekki ráð fyrir að draga úr framleiðslu í samræmi við þau markmið sín. Þvert á móti ráðgera stjórnvöld í löndum heims að framleiða tvöfalt meira af jarðefnaeldsneyti árið 2030 en 1,5 gráðu markmiðið leyfir.³ Samkvæmt loftslagsrannsóknarstofnuninni Cicero verður einnig að draga samtímis úr aðgengi að jarðefnaeldsneyti á heimsmarkaði til að vinna gegn óhagstæðum verðáhrifum sem hætta er á að viðhaldi útbreiðslu jarðefnaeldsneytis.⁴

Samkvæmt framtíðarsýn okkar eiga Norðurlönd að verða sjálfbærasta svæði heims og stefnt er að því að auka loftslagsaðgerðir til muna. Með Helsingforsyfirlýsingunni frá 2019 skuldbundu norrænu löndin sig til þess að verða alveg kolefnishlutlaus. Norðurlönd hafa hins vegar ekki skuldbundið sig til að hætta í áföngum vinnslu jarðefnaeldsneytis líkt og þau hyggjast hætta notkun þess. Aftur á móti hafa löndin tekið ólíkar ákvarðanir eða sett sér stefnu um lokadagsetningar og aðrar takmarkanir.

¹ <https://climateactiontracker.org/global/temperatures/>

² <https://www.pbl.nl/en/trends-in-global-co2-emissions>

³ <https://productiongap.org/2021report/>

⁴ <https://pub.cicero.oslo.no/cicero-xmlui/handle/11250/2434201>



Í tengslum við loftslagsráðstefnu SP, COP26, var BOGA, Beyond Oil and Gas Alliance, kynnt.⁵ Markmið þess er að stuðla að því að framleiðsla á olíu og gasi verði smám saman hætt í aðildarlöndunum og í því skyni er haldið úti alþjóðlegum vettvangi til að aðstoða ríkisstjórnir við að standa við skuldbindingar sínar. Danmörk fer með formennsku í samtökunum ásamt Kosta Ríku. Svíþjóð og Grænland eru á meðal grunnaðildarlanda og Finnland er velunnari BOGA. Það myndi senda mjög sterk norræn skilaboð ef öll norrænu löndin væru aðilar að samtökunum. Það myndi sýna að Norðurlönd sem svæði taki afstöðu með viljayfirlýsingunni jafnvel þótt tímaáætlanir og aðferðir séu ólíkar á milli landa og svæða.

Til að ljá sameiginlegri aðild aukið vægi og þunga væri til mikils unnið ef Norræna ráðherranefndin fengi það verkefni að semja yfirlýsingu fyrir hönd forsætisráðherranna, með sama hætti og Helsingforsyfirlýsinguna, um það hvernig Norðurlönd hyggist draga úr vinnslu jarðefnaeldsneytis í skrefum. Með öflugum og trúverðugum norrænum aðgerðum í loftslagsumskiptum, jafnt innanlands sem sameiginlega, er hægt að setja gott fordæmi á alþjóðavísu. Mikilvægur þáttur í loftslagsvinnu er að vera sjálf fyrirmyndir og geta þannig gert trúverðugar kröfur til annarra landa.

Trúverðug og heildstæð loftslagsstefna kallar á aðgerðir til að draga úr notkun og framleiðslu jarðefnaeldsneytis jafnt heima fyrir sem í alþjóðlegu samstarfi. Til þessa hafa aðgerðirnar að miklu leyti snúist um notkunina. Nú er tímabært að við snúum okkur í sameiningu að vinnslunni. Það er eina leiðin til þess að Norðurlönd og heimsbyggðin geti haldið 1,5 gráðu markmiðinu á lífi.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin er sammála því markmiði norrænu forsætisráðherranna að Norðurlönd verði kolefnishlutlaus og sjálfbærasta svæði heims og nefndinni er kunnugt um að Alþjóðaorkumálastofnunin (IEA) hefur bent á að með því að hætta að hluta til í áföngum stuðningi við jarðefnaeldsneyti megi með hagkvæmum hætti draga úr losun um 12% á heimsvísu.

Einn þáttur í grænum umskiptum í átt til kolefnishlutlauss samfélags felst meðal annars í þróun og innleiðingu tæknilegra lausna ásamt aukinni notkun náttúrumiðaðra lausna. Nauðsynlegt er að setja skýr markmið um græn umskipti. Þótt norrænt samstarf sé öflugt og norrænu löndin séu um margt lík þá eru þau einnig ólík að mörgu leyti og það sama á við um aðgang að jafnt tæknilegum sem náttúrumiðuðum lausnum. Flokkahópur jafnaðarmanna lagði áherslu á að aðild að Beyond Oil And Gas Alliance sé innanríkismál hverrar þjóðar og vildi því ekki styðja þann tillögulið. Norrænt frelsi var á sama máli.

⁵ <https://beyondoilandgasalliance.com/>



Flokkahópur hægrimanna benti á að til þess að hætta framleiðslu jarðefnaeldsneytis í áföngum þurfi aðra orkugjafa sem bæði dugi fyrir notkun norrænu landanna og til að koma í stað núverandi útflutnings á jarðefnaeldsneyti. Hópurinn vill ekki að afleiðing þess að framleiðslu jarðefnaeldsneytis á Norðurlöndum verði hætti í áföngum verði sú að markaðshlutdeild jarðefnaeldsneytis frá til dæmis Rússlandi aukist. Norræn vinstri græn lýstu stuðningi við tillöguna sem sett var fram og undirstrikuðu að í heimsókn sinni til Grænlands hefði nefndin séð með eigin augum umfang loftslagsbreytinganna og hvatti því nefndina til að styðja tillöguna.

Þar sem ekki var meirihlutastuðningur við að leggja til að norrænu ríkisstjórnirnar gerðust aðilar að „Beyond Oil and Gas Alliance“ var samþykkt að fella þann tillögulið burt.

Þar sem ekki ríkti samkomulag um orðalag í tillöguliðnum lagði Flokkahópur miðjumanna til að hann yrði svohljóðandi: „að samþykkja norræna yfirlýsingu um nauðsyn þess að dregið verði úr vinnslu jarðefnaeldsneytis svo að loftslagsmarkmið Parísarsamningsins náist“. Flokkahópur miðjumanna undirstrikaði mikilvægi þess að ræða framleiðsluna og ekki bara eftirspurn.

Stokkhólmi, 24. janúar 2023

*Simon Holmström (HI),
Rebecka Le Moine (MP),
Johan Dahl (Sb),
Ola Elvestuen (V),*

*Alexandra Anstrell (M),
Lene Westgaard-Halle (H),
Marianne Bigum (SF),
Mariane Paviasen (IA),*